

Nd.

376. Nefndarálit

[21. mál]

um frv. til l. um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið heilan áratug að skapast. Upphaflega var það samið af þriggja manna nefnd, sem skipuð var 1958. Frá henni fór það til landbúnaðarráðherra 1962 og frá honum til Búnaðarþings. Því næst var það sent öllum sýslunefndum og bæjarstjórnnum. Og með umsagnir sveitarstjórnanna í höndum gerði Búnaðarþing svo við það margháttadar breytingar.

Fyrir Alþingi kom frv. í byrjun þings í haust og þá sem stjórnarfrumvarp. Landbúnaðarnefnd hefur rætt það á mörgum fundum og sent það Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Búnaðarþingi. Frá báðum komu breytingartillögur.

Þó að merkilegt sé, höfum við á þessu sviði athafnanna stuðzt að mestu við Jónsbók og Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar frá 1294 fram á þennan dag. Þar er ekki orðaflóðinu fyrir að fara, en öll fyrirmæli hnitmiðuð og frábærlega skýr, svo langt sem þau ná, t. d. að eitt mark skuli hver hafa á fénaði sínum og hafa einkennt áður en 8 vikur eru af sumri. Og: „Eigi skulu réttir vera fyrr en VI vikur lifa sumars.“ „Svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið, bæði hið efra og hið ytra.“ Eða: „Hver maður, er sauði á, skal ganga eitt sinn á fjall, og um landareign sína hvert sinn er lögrétt skal vera.“ Á þessa leið voru þau boðorð aðallega, er hreppstjórum bar að binda sig við öldum saman. Þar drukkna ekki aðalatriðin í flóði marklitilla orða. Að öðru leyti voru þeir mjög einvaldir í sínum ríkjum, sem ýmist voru smærri eða stærri eftir staðháttum.

Um 1872 kom svo tilskipun um, að gera skyldi fjallskilasamþykktir í sýslunum og kveða nánar á um ýmiss konar smærri atriði fjallskilanna. Og 1890 komu lög um, að amtsráð yrði að staðfesta þessar reglugerðir til að tryggja, að þær væru ekki í ósamræmi við hin fornu lög.

Í athugasemdum við frumvarp þetta segir, að lögunum sé ætlað að verða umgerð, „sem fjallskilasamþykktir hinna ýmsu lögsagnarumdæma fylli úti í.“ Það er vel ráðið. Staðhættir eru breytilegir og venjur víða orðnar næstum því að hefð og geta gefizt vel á einum stað, þótt staðhættir leyfi naumast á öðrum.

Nefndin flytur fáeinar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali, m. a. að niður falli þrjár greinar, er hún telur óþarfar.

Þriðji kafli frv. er ekki nýr. Lög um ítölu frá 1959 eru tekin inn lítið eitt breytt.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með þessu frv., án þess þó að einstakir nefndarmenn skuldbindi sig að fylgja öllum brtt. n. né hafna öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. marz 1969.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Jónas Pétursson.

Stefán Valgeirsson.

Benedikt Gröndal.

Vilhjálmur Hjálmarsson.